

láta skjóta dóminum til æðri réttar, og mælumst vèr til að það verði birt Einarí Ásmundssyni, að með því hann sè dæmdur sýkn af ákæru þeirri, sem hèr er getið um, þykir stjórnarráðinu ekki fært, að halda lengra út í þetta eina mál.

1870.

21. septbr.

**85. Bréf dómsmálastjórnarinnar til norður- og austur-
amtsins, um ótta fyrir hallæri í Þingeyjarsýslu.**

28. septbr.

Í bræfi 30. f. m. hefir amtið á ný skýrt frá, að búast megi við hallæri í nyrðstu hreppum Þingeyjarsýslu, og sókt um, að fluttar verði 100 tonn af kornmat til Húsavíkur, eða þá, ef því verður ekki við komið, til Akureyrar, og að amtið megi verja þessum forða til að afstýra hallærinu að vetri komanda.

Útaf þessu verður hërmeð til vitundar gefið, að stjórnarráðið hefir fengið vitneskju frá Öllum og Wulff um, að þeir hafi í sumar sent til verzlunar sinnar á Húsavík jafnmikið af kornmat og þeir sè vanir, 830 tonn af rúgi og 200 tonn af bánka-byggi, auk þess segja þeir, að lausakaupmaður *Predbjörn* skipstjóri hafi flutt þangað 300 tonn af rúgi, og verzlunarfulltrúi þeirra keypt af því hërumbil 26 tonn; enn fremur virðist þeim megi álíta, að nægur forði sè til á Akureyri, og að flutt hafi verið til Vopnafjarðar fram yfir það, sem vant er að flytja þangað, 150 tonn af korni, enda sè það og lagt fyrir verzlunarfulltrúa þeirra þar, að hann reyni til, ef á þarf að halda, að flytja þenna forða til verzlunarinnar í Húsavík.

Þareð nú þannig er ástatt, finnst stjórnarráðinu ekki ástæða til, að gjöra þessar sèrstaklegu ráðstafanir, sem amtið hefir stungið uppá, en verður að láta það vera komið undir amtinu sjálfu, að nota þá aðferð, sem getið er í bræfi stjórnarráðsins 25. ágúst f. á.¹, til þess að afstýra hallæri, ef það vofir yfir.

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 814.